

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 5529899, 5630325, 5630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## Fundargerð 3. fundar LH.

3. fundur stjórnar LH. var haldinn í Bændahöllinni Reykjavík 7. janúar 1998. Formaður LH. Birgir Sigurjónsson setti fundinn og bauð fók velkomíð. Halldór Gunnarsson ritari LH. ritaði fundargerð.

Þessir voru mættir: **aðalmenn;**

Birgir Sigurjónsson, Halldór Gunnarsson, Bergur Jónsson, Sigríður Sigþórsdóttir, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurgeir Bárðarson, **varamenn:** Sigurður Ragnarsson (fyrsti varamaður í stað Jóns A. Sigurbjörnssonar sem boðaði forföll), Oddný Jónsdóttir, Haraldur Þórarinsson, einnig sátu fundinn Sigrún Sigurðardóttir og Sigurður Þórhallsson.

### 1. Mál

#### Fundargerð 2. fundar.

Formaður lagði fram fundargerð síðasta fundar (2. fundur) stjórnarinnar til samþykktar. Nokkrar athugasemdir voru gerðar sem stjórnin felur skrifstofunni að lagfæra.

### 2. Mál

#### Húsnæðismál.

Formaður gerði grein fyrir stöðu málsins. Fram kom að LH. stendur til boða heppilegt húsnæði inni í Laugardal í eigu Íþróttabandalags Reykjavíkur. ÍSÍ hefur þetta húsnæði til útleigu. Hér er um að ræða ca 100 m<sup>2</sup> skrifstofuhúsnæði.

Leiguverðið er hagstætt og talsvert lægra en í Bændahöllinni Innifalið í leiguverðinu er hiti, rafmagn, ræsting og símaborð.

Þegar allt er talið eru þessir kostnaðarliðir rúmlega 270.000 kr. lægri á ári en var hjá báðum samtökunum 1997.

Ákveðið var að skoða húsnæðið í Laugardalnum í lok fundarins og taka síðan ákvörðun um búsetuskipti LH. í lok skoðunarferðarinnar. Skilyrði af hálfu stjórnar er að húsnæðið fáist til lengri tíma (minnst 5 ár).

### 3. Mál

#### Starfsmannamál.

Formaður hóf umræðu um málið. Hann minnti á að starfsfólk beggja samtakanna hefði verið sagt upp störfum frá og með 1. janúar sl. Þá lagði hann áherslu á að erfitt væri fyrir starfsfólk LH. að vinna við þau skilyrði næstu mánuði að vera í óvissu um framtíðina þ.e. hvort um endur-ráðingar væri að ræða eða ekki.

Af þessum sökum væri brýnt að hraða þessu máli eftir því sem kostur væri. Málið var ítarlega rætt og ákveðið að hefjast nú þegar handa um að semja starfslýsingar fyrir þau störf sem til stæði að ráða í á skrifstofu LH. Ákveðið var að tilnefna þau Sigríði Sigþórsdóttur, Sigrúnu Ólafsdóttur og Sigurður Ragnarsson til að setja saman drög að starfs-lýsingum sem lögð verði fyrir næsta stjórnarfund (11. febr. n.k.) til skoðunar. Sigurði R. var falið að boða til fyrsta fundar um málið.

Í framhaldi af þessari vinnu stjórnar er gert ráð fyrir því að ákveðin störf á skrifstofu LH. verði auglýst.

#### 4. Mál

##### **Starfslýsingar starfsnefnda.**

Formaður og framkvst. gerðu grein fyrir stöðu þessara mála. Með fundarboði hafði skrifstofan sent til stjórnarmanna þær starfslýsingar (LH. og HÍS.) sem þegar eru til. Þessar starfslýsingar þarf að endurskoða og samræma til notkunar fyrir breytt samtök okkar. Stjórnarmenn geta komið á framfæri við skrifstofu LH. athugasemdum við einstakar starfs-lýsingar áður en þær verða sendar út til viðkomandi nefnda um miðjan janúar n.k.

Nefndirnar sem fá þessar starfslýsingar í hendur verða beðnar að aðlaga þær að breyttum samtökum og endursemja þær eftir því sem þurfa þykir. Eftir þessa vinnu nefndanna fær stjórn LH. þær til baka til skoðunar og samþykktar.

#### 5. Mál

##### **Skipun í starfsnefndir (framhald).**

###### **Landsliðsnefnd:**

Tilnefnd voru eftirtalin:

Jón A. Sigurbjörnsson formaður Fáki	
Pröpstur Karlsson	Herði
Sigurbjörn Bárðarson	Fáki
Örn Karlsson	Geysi
Sigurður Sæmundsson	Geysi
Sigrún Ólafsdóttir	Snæfellingi
Kristinn Hugason	Gusti

###### **Fjáraflaneftnd:**

Skipun í nefndina var frestað.

###### **Útbreiðslu- og kynningarnefnd**

Eftirtaldar voru tilnefndar í nefndina:

Sólveig Ólafsdóttir	Sörla
Póra Ásgeirsdóttir	Gusti
Hulda Geirsdóttir	Gusti

###### **Landnýtingar- og umhverfisnefnd:**

Eftirtaldir voru tilnefndir í nefndina:

Ragnar Frank Kristjánsson	Sörla
Hallgrímur Jónasson	Gusti
Halldór Halldórsson	Andvara

###### **Laga- og leikreglnanefnd:**

Eftirtalin voru tilnefnd í nefndina:

Einar Ragnarsson	Herði
Þórdís Rúnarsdóttir	Gusti
Oddur Hafsteinsson	Andvara

## **FEIF -nefnd:**

Tilnefningu í nefndina var frestað.

### **6. Mál**

#### **Áhersluverkefni næstu mánaða.**

Umræður um þennan dagskrárið urðu töluverðar og víða komið við.

Sumt af því sem rætt var fyrr á fundinum er hluti af þeim áherslu-verkefnum sem sinna þarf á næstu mánuðum. Fram kom í þessum um-ræðum að mikilvægt er:

**að** millipinganeftir hefji störf sem allra fyrst og starfslysingar nefnda verði afgreiddar í nefndunum og síðan af stjórn LH.

**að** reikningsuppgjöri síðasta árs verði lokið fyrir 1. mars. n.k.

**að** koma breytingum á leikreglum frá 48. ársþingi LH. inn í möppur

**að** panta aðstöðu hið fyrsta fyrir hesta landsliðs Íslands á Heimsleikunum í Þýskalandi árið 1999

**að** vinna markvist að undirbúningi kvíkmyndunar Landsmótsins á Melgerðismelum nú í sumar

**að** hraða útgáfu plakats yfir friðlönd Íslands í samvinnu við þá aðila sem tengast þessum málaflokki

**að** semja starfslysingar fyrir þá starfsmenn sem vinna á skrifstofu LH.

**að** sjá til þess að bæði dómrafélögundirbúi sitt fólk í tíma fyrir sumarið

**að** efla þurfí kynningarstarf og bæta ímynd hestamanna í þjóðfélaginu. Fleira rætt sem er í vinnslu og/eða undirbúningi af hálfu stjórnar.

### **7. Mál**

#### **Undirbúningur að fjárhagsáætlun fyrir 1998.**

Sigurgeir Bárðarson og Sigrún Ólafsdóttir gerðu grein fyrir stöðu málsins. Þau hafa tekið saman drög að fjárhagsáætlun sem þau munu skoða og síðan verður hún lögð fram á næsta fundi stjórnar til skoðunar og afgreiðslu.

#### **Önnur mál.**

#### **A Formaður framkvæmdanefndar Youth Cup 1998.**

Ákveðið var að tilnefna Rosemarie Þorleifssdóttur sem formann framkvæmdanefndar Youth Cup á Íslandi 1998 en mótið verður haldið á Gaddstaðaflötum við Hellu 13. - 19. júlí n.k. Misritað var í síðustu fundargerð þar sem Sigrún Ólafsdóttir er sögð for- maður. Kynnt voru bréf frá Elínu Magnúsdóttur og Hreppsnefnd Rangárvallahrepps þar sem staðfest er loforð um ódýra gistingu fyrir keppendur í grunnskólanum á Hellu mótsdagana. Þá var ítrekað af stjórnarmönnum að skrifstofan gengi efir því við framkvæmdanefnd mótsins að áætlun um heildarkostnað vegna mótshaldsins yrði send hið fyrsta til stjórnar LH.

- B Fulltrúi LH. í Fagráði.**  
Formaður LH. gerði grein fyrir viðræðum sínum við formann Félags hrossabænda, Berg Pálsson, um fulltrúa LH. í Fagráði samkvæmt bókun síðasta fundar. Fram kom í máli formanns LH. að stjórn LH. hafi fulla heimild til að tilnefnda fulltrúa sinn í Fagráð án samráðs við Félag hrossabænda. Málið var rætt en afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- C Móta- og viðburðaskrá LH. 1998.**  
Skrifstofan dreifði til stjórnarmanna á fundinum drögum að móta- og viðburðaskrá yfirstandandi árs. Í skránni er að finna alls 132 mótt og aðra viðburði hestamannafélaga á árinu. Inn í skrána vantaði að setja Norðurlandamót sem fram fer í Danmörku 5. - 8. ágúst n.k. Skrifstofa LH. mun ganga frá skránni og senda hana viðkomandi aðilum til birtingar.
- D Bréf frá ÍSÍ.**  
Formaður gerði grein fyrir bréfi frá ÍSÍ dagsett 15. desember sl. Í bréfinu kemur fram að framkvæmdastjórni ÍSÍ telur að löglega hafi verið staðið að sameiningu LH. og HÍS. og að hið sameinaða samband Landssambands hestamannafélaga hafi tekið við aðild Hestaíþróttasambands Íslands að ÍSÍ. Framkvæmdastjórni ÍSÍ samþykkir lög sambandsins þ.e. lög LH. með því skilyrði að breytingar verði gerðar á næsta þingi sambandsins. Hér er um óverulegar breytingar á lögunum að ræða (sjá umrætt bréf). Stjórn LH. vísar bréfinu til laga- og leikreglnanefndar LH til afgreiðslu og undirbúnings fyrir næsta þing.
- E Bréf frá Náttúruverndarráði.**  
Formaður kynnti efni bréfsins dagsett 15. des. sl. og ályktun sem samþykkt var á 9. Náttúruverndarþingi Íslands. Stjórnin vísar bréfinu til landnýtingar- og umhverfisnefndar LH.
- F Landsmótasjóður.**  
Formaður kynnti drög að reglugerð um landsmótasjóð LH. Umræðum um málið vísað til næsta fundar. Drögin verði send stjórnarmönnum til skoðunar.
- G Bréf frá hestamannafélögum á Austurlandi.**  
Formaður kynnti bréf frá hestamannafélögum á Austurlandi dagsett 8. des. sl. þar sem þau tilkynna stjórn LH. að þau séu reiðubúin að haldið verði mótt hestamanna á Austurlandi sumarið 1999 (ígildi fjórðungsmóts). Óskað er eftir að BÍ. og LH. komi að þessu móti líkt og verið hefur.
- H Sportfundur FIEF.**  
Fundurinn verður haldinn í Amsterdam 24. og 25. janúar n.k. Fulltrúar LH. á fundinum verða Sigurður Sæmundsson, Jón Albert Sigurbjörnsson og Sveinn Jónsson sem sækir dómarafund FEIF sem er á sama tíma.
- I Bréf frá hestamannaféluginu Stormi Vestfjörðum.**  
Sigríður Sigþórsdóttir gerði grein fyrir efni bréfsins. Þar kemur fram að deila hefur risið milli hestamannafélagsins Storms og Gísla Eiríkssonar umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar á Vestfjörðum. Félagið biður stjórn

LH. um aðstoð við að leysa þessa deilu við Gísla. Þessu máli vísar stjórn LH. til samgöngu- og umhverfisnefndar LH.

**J Bréf frá hestamannafélunum Funa og Létti.**

Með bréfinu bjóða hestamannafélögın Funı og Léttir Landssambandi hestamannafélaga. að halda landsþing sitt 1998 á Akureyri í lok október n.k. Samþykkt var einróma að þiggja boðið og felur stjórnin skrifstofunni að staðfesta það við félögın hið fyrsta. Samkvæmt þessu verður 49. landsþing LH haldið á Akureyri 30. og 31. október 1998. Þá var minnt á að nauðsynlegt sé að panta hótelpláss á þingstaðnum með góðum fyrirvara.

**K Landsmót í Reykjavík árið 2000.**

Formanni og framkvæmdastjóra var falið að ræða við forsvarsmenn Fáks um undirbúning landsmótsins árið 2000 hvaðvarðar stofnun framkvæmdanefndar og hugsanlega þátttöku hestamannafélaga á Suðvesturlandi að rekstri mótsins. Petta ber stjórn LH. að gera samkvæmt reglum um framkvæmd lands- og fjórðungsmóta.

**L Bréf frá hestamannafélaginu Andvara.**

Reiðveganefnd hestamannafélagsins Andvara Garðabæ óskar eftrir því við stjórn LH. að hún hlutist til við samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) að þau beiti sér fyrir heildarskipulagi reiðvega á höfuðborgarsvæðinu. Samþykkt að vísa bréfinu til ferða- og samgöngunefndar LH.

**M Grein í Morgunblaðinu 12. des. 1997.**

Stjórnarmenn ræddu innhald greinarinnar og telja skrif greinarhöfundar, þar sem hann ræðir m.a. um kjör gjaldkera LH. á fundi stjórnarinnar þann 3. des. sl., ekkert erindi hafa átt í fjölmíðla. Fréttatflutningur af þessu tagi hafi engan ávinnung en sé fremur fallinn til niðurrifs. Tekið skal fram að lýðræðislega var staðið að kjöri gjaldkera LH. á umræddum fundi Rætt var um að ákveðinn trúnaðarbrestur hefði orðið innan stjórnarinnar í kringum þetta mál sem nauðsynlegt væri að eyða.

**N Umsókn frá LH. til afreksmannasjóðs ÍsÍ.**

13. janúar n.k. verður fundað í sjóðsstjórn þar sem tekin verður ákvörðun um hverjir fái úthlutað úr sjóðnum á árinu 1997.

Fleira ekki fært til bókar.

Halldór Gunnarsson  
ritari LH.